

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 19. október 2022

Mál nr. E-680/2022:

Guðbjarni Traustason

(Svavar Daðason lögmaður)

gegn

Torgi Prentfélagi ehf.

(Einar Þór Sverrisson lögmaður)

Dómur

I.

1. Mál þetta var þingfest 8. febrúar 2022 en tekið til dóms 11. október sl. að lokinni aðalmeðferð. Stefnandi er Guðbjarni Traustason, kt. [...], [...] í [...], en stefndi Torg Prentfélag ehf., kt. [...], [...], 101 Reykjavík.

2. Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 10.431.317 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af:

- 318.092 kr. frá 31.01.2018 til 27.02.2018,
- 1.093.248 kr. frá 28.02.2018 til 29.04.2018,
- 1.219.283 kr. frá 30.04.2018 til 30.05.2018,
- 1.225.983 kr. frá 31.05.2018 til 30.08.2018,
- 1.477.491 kr. frá 31.08.2018 til 29.09.2018,
- 2.693.802 kr. frá 30.09.2018 til 30.10.2018,
- 3.070.076 kr. frá 31.10.2018 til 29.11.2018,
- 3.528.747 kr. frá 30.11.2018 til 27.02.2019,

- 3.562.914 kr. frá 28.02.2019 til 30.03.2019,
 - 4.875.359 kr. frá 31.03.2019 til 30.05.2019,
 - 4.972.104 kr. frá 31.05.2019 til 30.08.2019,
 - 6.080.423 kr. frá 31.08.2019 til 29.09.2019,
 - 7.370.569 kr. frá 30.09.2019 til 29.11.2019,
 - 8.677.602 kr. frá 30.11.2019 til 30.12.2019,
 - 8.829.412 kr. frá 31.12.2019 til 30.01.2020,
 - 9.752.298 kr. frá 31.01.2020 til 28.02.2020,
 - 9.789.098 kr. frá 29.02.2020 til 30.03.2020,
 - 10.431.317 kr. frá 31.03.2020 til greiðsludags.
3. Þetta er að frádregnum 600.000 kr. vegna skuldajafnaðar þann 21. janúar 2022. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga og til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðra fjárhæð að mati dómsins. Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.
4. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

II.

5. Stefnandi hóf störf sem auglýsingastjóri hjá sjónvarpsstöðinni Hringbraut í maí 2017 og undirritaði ráðningarsamning við Hringbraut-miðlun ehf. Í málinu liggur fyrir hluti ráðningarsamnings stefnanda við Hringbraut-miðlun ehf. en þar segir að Hringbraut greiði stefnanda 550.000 kr. þóknun fyrir tímabilið 1. maí til 31. maí 2017. Frá 1. júní 2017 skuli stefndi greiða stefnanda 500.000 kr. á mánuði sem launþega samkvæmt 2. gr. samningsins. Enn fremur segir í ráðningarsamningnum að eftir að sú upphæð hafi „náðst í sölu á auglýsingum og kostunum“ muni stefnandi fá „25% að 2 milljónum og 30% af tekjum umfram 2 milljónir“. Auk þess fái stefnandi 5% af heildarsölu deildarinnar en öll viðmið miðist við sölu án virðisaukaskatts.
6. Samkvæmt gögnum málsins var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt að stefndi Torg Prentfélag ehf. hefði yfirtekið allt hlutafé í Hringbraut 18. október 2019. Þá liggur fyrir að Samkeppniseftirlitið samþykkti kaup stefnda á Hringbraut 22. nóvember 2019.

7. Í skýrslu A, sjónvarpsstjóra Hringbrautar og síðar framkvæmdastjóra á sölu-, markaðs- og dagskrárviði stefnda, fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins sem og gögnum málsins kom fram að launakjörum stefnanda hafi í framkvæmd verið háttað þannig að stefnandi fékk greidd 25% af þeim auglýsingatekjum sem hann aflaði og 12,5% af tekjum sem hann aflaði í formi kostunar. Lýsti A því fyrir dóminum að samkomulag hefði orðið um þetta þrátt fyrir að launakjör hafi verið sett fram með öðrum hætti í upphaflegum ráðningarsamningi, en ástæða þess hafi verið sú að Hringbraut hefði farið meira í kostanir en upphaflega var ráðgert. Kvað A launauppgjörinu þá hafa verið háttað á þann veg að stefnandi sendi honum og fjármálastjóra upplýsingar um sölu sína í hverjum mánuði en launaútreikningur í hverjum mánuði væri þá byggður á upplýsingum frá stefnanda. Í kjölfarið hafi verið farið yfir tölurnar sem stefnandi gaf upp og laun hans ákveðin út frá því.
8. Í málinu liggja fyrir tölvupóstar sem stefnandi sendi A á tímabilinu 30. september 2019 til 29. janúar 2020 og renna þeir stoðum undir skýrslu vitnisins að þessu leyti. Af þeim tölvupóstum verður ráðið að stefnandi hafi reiknað laun sín út sjálfur og sent öðrum starfsmönnum Hringbrautar, m.a. A.
9. Vitnið kveðst hafa verið ánægður með störf stefnanda og viljað fá hann til að taka yfir vefinn og sjónvarpið. Þegar fyrirtækið sameinaðist öðru fyrirtæki hafi hann ekki haft þetta vald og forstjóri sameinaðs nýs fyrirtækis hafi boðið honum annan samning. A kvað stefnanda hafa verið sagt upp þar sem hann samþykkti ekki breytingar á launum eftir að stefndi keypti Hringbraut.
10. Vitnið B, sem var framkvæmdastjóri hjá stefnda þegar stefndi festi kaup á félaginu Hringbraut, bar fyrir dómi að stefnandi hefði verið á einstaklingsmiðuðum árangursgreiðslum sem voru ekki í samræmi við launastefnu Torgs Prentfélags. Kvað B verklagið hjá Hringbraut hafa verið með þeim hætti að stefnandi reiknaði árangurstengdar greiðslur sjálfur en hún hefði gert athugasemd við þetta verklag. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt um það í tengslum við uppsögn stefnanda að hann ætti inni einhverjar milljónir hjá stefnda.
11. Fyrir liggur að stefnanda var sagt upp störfum 28. janúar 2020 með bréfi dagsettu sama dag sem B undirritaði fyrir hönd stefnda og Hringbrautar-miðlunar ehf. Í bréfinu var óskað eftir að stefnandi innti vinnuframlag sitt af hendi þar til uppsagnarfrestur væri liðinn eða skriflegt samkomulag gert um annað.

12. Af gögnum málsins verður ráðið að stefnandi hafi ekki mætt til vinnu 12. mars 2020. Mun C, auglýsingastjóri stefnda, hafa sent stefnanda þau skilaboð að forstjóri Torgs Prentfélags liti svo á að stefnandi hefði látið af störfum þar sem hann mætti ekki til vinnu og léti ekki vita af sér. Búið væri að loka öllum aðgangi stefnanda að fyrirtækinu og finna þyrfti tíma til að stefnandi gæti nálgast eigur sínar. Vitnið B kannaðist ekki við að stefnandi hefði tilkynnt um forföll á þessum tíma.
13. Þá mun A hafa sent stefnanda skilaboð í síma 19. mars 2020 þar sem fram kom að þar sem hann hefði ekki mætt til vinnu og engin svör hefðu borist frá honum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ná sambandi við hann væri ljóst að hann hefði ekki virt samningsbundinn uppsagnarfrest heldur hlaupist á brott úr starfinu án samþykkis stefnda og Hringbrautar. Yrðu starfslok hans því gerð upp með þeim hætti að mánaðarlaun yrðu greidd til síðasta starfsdags, þ.e. 11. mars 2020, en sölubónus vegna febrúar yrði greiddur 1. apríl 2020. Lokauppgjör færi fram 1. maí 2020 og yrðu þá sölubónusar til síðasta starfsdags greiddir að frádregnum söluleiðréttingum ef einhverjar væru. Þá yrðu orlof og önnur áunnin réttindi gerð upp um þau mánaðamót. Stefnandi svaraði skilaboðum A með þeim orðum að það væri ekki skrytið að hann hefði ekki haft samband í ljósi skilaboðanna sem hann fékk send 12. mars 2020.
14. Í skýrslutöku sinni fyrir dómi sagði A að stefnandi hefði talið sig eiga inni frekari laun þegar honum var sagt upp en gert hefði verið upp við hann við starfslok hans.
15. Af gögnum málsins verður ekki séð að stefnandi hafi gert neina kröfu á hendur stefnda um þær greiðslur sem stefnukrafa hans í málinu hljóðar um fyrr en með bréfi, dags. 21. janúar 2022. Í því bréfi er að finna nánari útlistanir á kröfum stefnanda á hendur stefnda. Verður ráðið af þeim útreikningum að stefnandi telur sig eiga rétt á greiðslum sem svara til 25% af sölu yfir 500.000 kr. en undir 2.000.000 kr., 30% af sölu yfir 2.000.000, auk 5% af heildarsölu auglýsingadeildar. Þá kemur þar fram að stefnandi telji sig eiga inni launagreiðslur frá 30. janúar 2018 til 31. mars 2020 sem nemi þessum vangoldnu árangurstengdu launagreiðslum stefnda til hans.
16. Með svarbréfi stefnda, dags. 2. febrúar 2022, var kröfum stefnanda hafnað, enda hefði fullnaðaruppgjör þegar átt sér stað. Það uppgjör hefði átt sér stað á grundvelli upplýsinga sem stefnandi hefði sjálfur lagt fram á sínum tíma.

III.

Málsástæður stefnanda

17. Stefnandi byggir m.a. kröfu sína á hendur stefnda á því að stefndi hafi öðlast yfirráð yfir efnahagslegri einingu, þar sem allur rekstur Hringbrautar hafi verið sameinaður rekstri stefnda en um stöðu starfsmanna hins yfirtekna félags gildi lög nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Í lögunum sé skýrt kveðið á um að réttindi starfsmanna félagsins sem tekið væri yfir færðist yfir til yfirtekna félagsins.
18. Krafa stefnanda er ekki útlistuð í stefnu en af samantekt yfir vangoldin laun sem stefnandi lagði fram við þingfestingu málsins verður ráðið að hann telji laun sín hafa átt að nema 25% af sölu yfir 500.000 kr. en undir 2.000.000 kr., 30% af sölu yfir 2.000.000, auk 5% af heildarsölu auglýsingadeildar, auk grunnlauna sem hafi numið 500.000 kr. Hefur stefnandi þá vísað til samantektar sem lögð er fram fyrir hvern mánuð sem vísað er til í aðalkröfu hans fyrir dóminum. Samtala þeirrar fjárhæðar sem stefnandi telur sig eiga inni hjá stefnda sem nemur vangoldnum launum er 10.431.317 kr. og er það stefnufjárhæð máls þessa, að frádregnum 600.000 kr. vegna skuldajafnaðar þann 21. janúar 2022.
19. Stefnandi vísar til þess að stefnda beri að greiða kröfuna á grundvelli almennra reglna kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga. Stefnandi krefst einnig dráttarvaxta frá gjalddaga launa, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.
20. Ef ekki er fallist á aðalkröfu stefnanda er þess farið á leit að stefnanda verði dæmd sú fjárhæð er dómurinn telur hæfilega að teknu tilliti til stöðu stefnanda, sem launþega, gagnvart stefnda.

Helstu málsástæður stefnda

21. Stefndi krefst ekki frávísunar málsins, en bendir á að málatilbúnaður stefnanda sé óskýr, villandi og ómarkviss og uppfylli ekki ákvæði laga um meðferð einkamála um skýran og ljósan málatilbúnað. Skilyrði séu til að vísa málinu frá ex officio að mati stefnda.
22. Stefndi vísar til þess að í stefnu sé hvergi að finna hvaða rök liggi því til grundvallar að stefnandi telji sig eiga inni vangoldin laun hjá stefnda að fjárhæð 10.431.317 kr. Í samantekt vangoldinna launa 2018–2020 sem stefnandi vísar til séu einungis óstaðfestar tölur og einhliða útbúin skjöl af hálfu stefnanda. Leiði þessi vanreifun ekki til frávísunar málsins frá dómi án kröfu sé ljóst að sýkna beri stefnda.

23. Laun stefnanda voru þannig að hann fékk rúmar 500.000 kr. í laun og svo bónusgreiðslur af sölu umfram 500.000, sem skiptist í tvennt. Þannig fékk stefnandi 25% af venjulegri auglýsingasölu og 12,5% af kostunarsölu. Er í því sambandi vísað til tölvupósta frá stefnanda sjálfum, þar sem hann reiknar út laun sín, en þeir liggja fyrir í málinu. Stefnandi hafi sent slíka tölvupósta mánaðarlega og fengið greidd laun í samræmi við þá. Hann hafi aldrei mótmælt launauppgjörum eða komið á framfæri athugasemdum við stefnda eða Hringbraut-fjölmiðla ehf.. Stefnandi hafi í raun reiknað út laun sín sjálfur, eins og tölvupóstarnir sem stefndi vísar til beri með sér. Vegna þessa nái það ekki nokkurri átti að stefnandi komi svo mörgum árum seinna og telji sig eiga inni háar launakröfur, án þess að svo mikið sem reyna að rökstyðja þær kröfur. Tómlæti stefnanda sé algjört í þessu máli.
24. Stefndi vísar enn fremur til þess að bónushlutfallið vegna kostunar hafi verið lægra, þar sem kostnaður sjónvarpsstöðvarinnar við framleiðsluna sé alltaf umtalsverður í kostun og því eðlilegt að bónus sé lægri.
25. Af hálfu stefnda er jafnframt byggt á því að laun stefnanda hafi aldrei verið greidd í samræmi við það sem kemur fram í hluta ráðningarsamnings stefnanda og stefnandi reyni nú að byggja málssókn sína á. Athugasemdalaus framkvæmd við launaútreikning stefnanda sem hann kom sjálfur að sé óræk sönnun þess. Stefndi kveður þau skjöl sem stefnandi hefur lagt fram með tekjum Hringbrautar enn fremur ekki vera í samræmi við bókhald Hringbrautar. Öllum þessum útreikningum og framsetningum sé því mótmælt sem röngum og ósönnuðum.
26. Stefndi byggir á því að færi svo að taka ætti einhverjar kröfur stefnanda til greina eigi að sýkna stefnda vegna aðildarskorts vegna krafna sem urðu til fyrir 1. desember 2019. Ekki hafi verið um að ræða samruna að félagarétti milli Torgs Prentfélags og Hringbrautar-fjölmiðla ehf. Stefndi hafi því ekki tekið við neinum skuldbindingum Hringbrautar-fjölmiðla ehf. frá fyrri tíð. Í því felst að stefndi geti aldrei borið ábyrgð á þeim skuldbindingum sem urðu til fyrir desember 2019, en Samkeppniseftirlitið hafi ekki samþykkt samrunann fyrr en í nóvember 2019. Stefndi byggir auk þess á því að allar kröfur sem eru eldri en fjögurra frá stefnubirtingu séu fyrndar, verði ekki fallist á að fullnaðaruppgjör hafi farið fram við stefnanda.
27. Verði ekki fallist á sýknu er gerð krafa um verulega lækkun. Eins og komi fram á launaseðlum í mars til maí 2020 hafi stefnandi fengið greidd laun fram til þess tíma að

vinnusambandið var fellt niður vegna ólögðs brotthlaups úr vinnunni. Stefndi byggir á því að stefndi hafi ekki sannað að hann hafi átt rétt á veikindarétti á þessum tíma og að hann hafi þá brotið gegn þeirri skyldu sinni að tilkynna um veikindin með sannanlegum hætti. Stefnandi hafi þannig fyrirgert sér rétti til launa í uppsagnarfresti eftir 12. mars 2020. Uppsögn stefnanda hafi ekkert með aðilaskiptin að gera.

28. Stefndi byggir á því að fari svo, þvert gegn væntingum stefnda, að hann verði dæmdur til að greiða stefnanda einhverjar fjárhæðir telji dráttarvextir ekki fyrir en frá dóms-upsögu og að málskostnaður verði felldur niður. Krafa um sýknu er einkum byggð á almennum reglum vinnumarkaðsréttar.

IV.

29. Af málatilbúnaði stefnanda í málinu er ljóst að stefnandi telur sig eiga inni vangreidd laun hjá stefnda samkvæmt ráðningarsamningi aðila. Heldur stefnandi því fram í þessu samhengi að samkvæmt sama samningi hafi stefnandi átt að fá árangurstengdar greiðslur sem nemi 25% af sölu yfir 500.000 kr. en undir 2.000.000 kr., 30% af sölu yfir 2.000.000, auk 5% af heildarsölu auglýsingadeildar, auk grunnlauna sem hafi numið 500.000 kr. Er jafnframt ljóst að stefnandi telur vangreidd laun sína nema samantektum sem lagðar voru fram við þingfestingu málsins.

30. Að mati dómsins verður að telja að stefnandi hafi með þessu gert nægilega ljóst á hverju krafa hans byggist þannig að stefnda sé hvorki torveldað að taka til varna né dómnum gert ófært um vik að leggja efnisdóm á málið. Eftir stendur hins vegar að leysa úr því hvort stefnanda hafi tekist sönnun um hvort ráðningarsamningur hans hafi verið með þeim hætti sem hann hefur lýst og þá jafnframt hvort hann hafi selt auglýsingar þannig að hann eigi rétt á vangoldnum launum umfram þau laun sem stefndi hafi greitt honum.

31. Í því sambandi er ekki unnt að horfa framhjá því að launaseðlar stefnanda á því tímabili sem dómkrafa hans um vangreidd laun byggist á liggja fyrir í málinu. Af gögnum málsins verður ekki séð að stefnandi hafi gert athugasemdir um að þær fjárhæðir sem þar koma fram hafi átt að vera með öðrum hætti og í samræmi við stefnukröfu hans fyrir en með bréfi lögmanns síns 21. janúar 2022. Af gögnum málsins verður heldur ekki ráðið að stefnandi hafi gert athugasemdir að öðru leyti við það hvernig árangurstengdar greiðslur hans voru ákveðnar.

32. Samkvæmt tölvupóstum frá stefnanda til annarra starfsmanna stefnda sem fyrir liggja í málinu verður ráðið að stefnandi hafi sjálfur séð um útreikninga á þeim tölum sem árangurstengdar greiðslur til hans byggðust á og voru skýrslutökur við aðalmeðferð málsins á sömu leið. Öðrum gögnum er ekki til að dreifa í málinu sem renna stoðum undir kröfugerð stefnanda. Stefnandi hefur einhliða unnið þær samantektir og þá útreikninga sem hann hefur lagt fram til stuðnings kröfu sinni og hafa þær því ekkert sönnunargildi.
33. Í ljósi þessa er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist sönnun um það að honum hafi borið frekari greiðslur úr hendi stefnda vegna starfa sinna. Jafnvel þótt svo væri verður jafnframt að telja ljóst að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til þess vegna tómlætis, en stefnandi hafði ekki uppi þá kröfu sem málshöfðun hans byggist á fyrr en með bréfi lögmanns síns 21. janúar 2022, en þá voru rúmlega 25 mánuðir liðnir frá síðasta starfsdegi hans fyrir stefnda, þ.e. 11. mars 2020.
34. Með vísan til þess sem rakið er hér að framan verður stefndi sýknaður af kröfu stefnanda. Í ljósi atvika málsins er rétt að málskostnaður falli niður. Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Torg Prentfélag ehf., er sýknaður af kröfu stefnanda, Guðbjarna Traustasonar. Málskostnaður fellur niður.

Kjartan Bjarni Björgvinsson